

* Endurákvörðun

Kærður er úrskurður tollstjóra um endurákvörðun vörugjalds. Vörugjald var fellt niður fyrir mistök starfsmanns tollstjóra. Kærandi gerir kröfur um að krafa tollstjóra verði felld niður. Ríkisstollanefnd felldi ákvörðun tollstjóra úr gildi.

Úrskurður nr. 9/2003.

Lög nr. 55/1987, með síðari breytingum 99. gr., 100. gr., 101. gr. 108. gr. Lög um vörugjald nr. 97/1987. Reglugerð nr. 719/2000 3. gr. Reglugerð nr. 436/1998 um vörugjald Reglugerð nr. 61/1989 um greiðslustað og fullnustu aðflutningsgjalda 10. gr. Auglýsing nr. 719/2000.

Með bréfi, dags. 4. desember 2003, sem barst nefndinni þann 9. s.m., kærir E. f.h. B, úrskurð tollstjóra, dags. 14. nóvember 2003. Í hinum kærða úrskurði endurákvörðar tollstjóri vörugjald af efnivöru í leiktæki sem flutt var inn í sendingu E BRU 28 01 2 GB IMM V070. Forsaga málsins er sú að eftirlitsdeild tollstjóra gerði athugasemd við að starfsmenn embættisins höfðu með tilkynningu, dags. 11. febrúar 2002, til B., heimilað fyrirtækinu innflutning á grundvelli auglýsingar nr. 719/2000 um rétt fyrirtækisins til niðurfellingar aðflutningsgjalda af tollskránum 3920.5101. Heimild tollstjóra tók til tolls og vörugjalds en heimild til niðurfellingar skv. reglugerðinni tekur einungis til tolls. Engin heimild er í þeim lögum eða reglugerð til að fella niður eða endurgreiða vörugjald af þeim aðföngum sem hér um ræðir þegar mistökinn uppgvötvuðust var kæranda gert að endurgreiða hin vangoldnu gjöld auk dráttarvaxta frá tollafgreiðsludegi fram að greiðsludegi. Kærandi telur að aðrir aðilar séu að flytja inn sams konar vöru á niðurfelldum gjöldum. Einnig að aðilar séu að flytja inn fullbúnar vörur úr sams konar efni og greiði ekki vörugjöld. Hann krefst þess að fá sams konar tollmeðferð. Þá spyr hann um réttmæti þess að dráttarvextir séu innheimtir af kröfunni.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra frá 14. nóvember 2003 segir m.a. að fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins hafi verið gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Embættinu hafi borist bréf frá B., dags. 17. júní 2003, þar sem beðið var um að útskýringar á því að fyrirtækið þurfi að greiða önnur gjöld en virðisaukaskatt af efni til leiktækjagerðar þegar innflytjendur á tilbúnum leiktækjum þurfi þess ekki. Með bréfi embættisins, dags. 13. október 2003, til kæranda hafi verið leitast við að skýra að tollskrá hafi lagagildi, þ.e. lögbundið sé hvaða gjöld leggjast á hvaða tollnúmer. Þar sem tollnúmer 9506-9900 sé annað en tollnúmer 3920-5101 sé um ólík gjöld að ræða.

Tollstjóri rekur ástæður endurákvörðunar og er hún sú að eftirlitsdeild embættisins hafi gert athugasemd við að tollstjóri hafi með tilkynningu, dags. 11. febrúar 2002, um niðurfellingu aðflutningsgjalda af aðföngum til atvinnustarfsemi, staðfest rétt B. til niðurfellingar eða endurgreiðslu tolls, sbr. reglugerð nr. 719/2000. Hafi fyrirtækinu verið úthlutað heimildarnúmerinu "REY 0067" sem nota átti með undanþágulyklinum "T0025" í reit 14 í tollskýrslu og verið veitt heimild m.a. til niðurfellingar tolls á tollskránum 3920-5101. Í 2. kafla 3. gr. rgl. nr. 719/2000 segir að "tollur skal felldur niður eða endurgreiddur af aðföngum til framleiðslu iðnaðarvaxta, í samræmi við ákvæði þessa kafla." en aftur á móti segir í 7. gr. sömu reglugerðar að um undanþágur vegna vörugjalds á aðföng til iðnaðarframleiðslu gildi ákvæði laga nr. 97/1987 um vörugjald, með síðari breytingum, svo og reglugerð nr. 436/1998 um vörugjald. Þar af leiðandi sé ekki heimilt að fella niður vörugjald samkvæmt tilvitnaðri reglugerð og var því vörugjald af ofangreindri sendingu ranglega fellt niður. Þá segir að samkvæmt 2. mgr. 108. gr. tollalaga og 7. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum, er eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið vegna tollmeðferðar á vöru og tollstjóri hefur leyft afhendingu á, tollafgreiðsludagur varanna. Dráttarvextir reiknast frá eindaga til greiðsludags, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989. Tollstjóri úrskurðar með vísan til 1. mgr. og 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum að vangreidd aðflutningsgjöld af sendingu númer E BRU 28 01 2 GB IMM V070 séu sem hér segir.

15% vörugjald	kr.	89.066,00
Virðisaukaskattur		21.821,00
Dráttarvextir til 14.11.03	“	40.378,00
<hr/>		
Samtals	kr.	151.265,00

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 9. desember 2003. Í bréfi ríkistollanefndar til tollstjóra, var óskað eftir því að embættið kannaði þá fullyrðingu kæranda að aðrir innflytjendur flyttu inn sams konar vöru án aðflutningsgjalda. Í svari sem nefndinni barst þann 29. desember s.á. segir að við athugun sem gerð hafi verið og tók til innflutnings á árinu 2002 hafi komið í ljós að einn aðili hafi fengið ranglega niðurfellt vörugjald af sams konar vöru og kærandi. Þetta hafi verið leiðrétt. Við úttektina hafi komið í ljós að aðrir aðilar sem séu í sams konar rekstri og B. hafi ekki fengið niðurfellt vörugjald. Reynt sé eftir fremsta megni að sjá til þess að innflytjendur njóti jafnræðis við innflutning á vörum.

Tollstjóra var veittur lengri frestur til að tjá sig um kærana. Í svari sem barst nefndinni þann 9. janúar 2004 er tekið undir þau rök sem fram koma í hinum kærða úrskurði tollstjóra. Ítrekað er að ekki sé heimild í reglugerð nr. 719/2000 og lögum nr. 97/1987 um vörugjald að fella niður eða endurgreiða vörugjald af þeim aðföngum sem hér um ræðir og því hafi vörugjald af ofangreindri sendingu verið ranglega fellt niður. Með hliðsjón af framansögðu er þess krafist að úrskurður tollstjórans um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 14. nóvember 2003 verði staðfestur.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi 9. janúar 2004. Í svari sem barst nefndinni þann 29. s.m. segir m.a. að því hafi ekki verið haldið fram að aðilar í sams konar framleiðslu og B. hafi notið niðurfellingar vörugjalds. Hins vegar sé kæranda kunnugt um aðila sem flytji inn sams konar efni og B. flytur inn og fær niðurfellt vörugjald en tekur skýrt fram að það fyrirtæki sé ekki að framleiða leiktæki. Þá bendir kærandi á að fullbúin leiktæki sem flutt séu inn beri ekki vörugjald og spyr hvort ekki sé hægt að fella niður vörugjald af efnivöru til framleiðslu leiktækja.

Að endingu vekur kærandi athygli á að honum þyki tollstjóri ganga mjög nærri B. er hann sendi bréf í desember 2003 þess efnis að ef B. greiði ekki kr. 152.849,- innan örfárra daga verði öll tollafgreiðsla til fyrirtækisins stöðvuð. Með hliðsjón af skilvísnum greiðslum fyrirtækisins síðan það hóf starfsemi 1986 þykir kæranda ansi vasklega gengið til verks.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um mál þetta og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Kröfugerð kæranda er óljós, en ríkistollanefnd lítur svo á að í kæru kæranda felist í fyrsta lagi krafa aðallega um að endurákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi en til vara að verði endurákvörðun staðfest verði ekki reiknaðir dráttarvextir á kröfunu. Ágreiningur í máli þessu snýst um endurákvörðun aðflutningsgjalda af einni vörusendingu sem innihélt efnivöru í leiktæki. Fyrirtækinu hafi verið veitt heimild til innflutnings efnivöru í tnr. 3920-5101, í sendingu E BRU 28 01 2 GB IMM VO70, á grundvelli reglugerðar nr. 719/2000. Heimild til niðurfellingar skv. tilvitnaðri reglugerð tekur til tolls en þau mistök voru gerð af hálfu tollfirvalda að vörugjald var einnig fellt niður. Þegar þessi mistök uppgötvuðust var kæranda gert að greiða vangreidd gjöld og dráttarvexti frá tollafgreiðsludegi. Ennfremur óskar kærandi eftir leiðbeiningum um hvert hann eiga að snúa sér með beiðni um niðurfellingu á vörugjaldi af efnivörunni.

Það er ljóst að innflytjandi óskaði eftir því við tollstjóra að fá niðurfelld gjöld af innflutningi efnivöru í tnr. 3920-5101. Tollstjóri veitti honum viðtækari heimild til niðurfellingar gjalda á grundvelli reglugerðar nr. 719/2000 til innflutnings efnivörunnar en heimildir stóðu til. Í bréfaskriftum tollstjóra til innflytjanda eftir að mistökin uppgötvast segir m.a. að það sé mat embættisins að innflytjandi hafi vitað/mátt vita að honum bar lögum samkvæmt að greiða vörugjald af umræddri vöru í samræmi við ákvæði 7. gr. reglugerðar 436/1998 um vörugjald. Þá liggur og ljóst fyrir að það líða u.þ.b. 16 mánuðir frá tollafgreiðslu vörunnar uns tollstjóri upplýsir að hann hyggist leiðrétt mistökin með endurákvörðun gjalda og tæpir 20 mánuðir uns hann endurákvæðar gjöldin.

Nefndarmenn geta ekki fallist á afstöðu tollstjóra í þessu máli. Það er óumdeilt að kærandi í máli þessu leitaði eftir heimild tollstjóra til þess að fá gjöld felld niður af tiltekinni efnivöru, þ.m.t. vörugjald. Tollstjóri varð við beiðni hans og felldi niður vörugjald af innflutningi hans á

vörinni. Á sama hátt er ljóst að umrædd ákvörðun tollstjóra byggði á misskilningi eða mistökum starfsmanna hans. Af gögnum málsins verður ráðið að kærandi leyndi tollstjóra hvorki gögnum né veitti honum rangar eða villandi upplýsingar við afgreiðslu málsins á sínum tíma. Honum verður því á engan hátt kennt um mistök starfsmanna tollstjóra. Með hliðsjón af framansögðu geta nefndarmenn ekki fallist á það með tollstjóra að kærandi hafi verið grandsamur í þessu máli heldur verður þvert á móti að telja að hann hafi verið í góðri trú. Hann mátti m.ö.o. treysta því að ákvörðun tollstjórans um niðurfellingu vörugjalds af framangreindum innflutningi stæðist. Það er meginregla skv. 1. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum að tollstjóri geti endurákvæðað innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Skv. 2. mgr. sömu laga er meginreglan sú að tollstjóri hafi til þessa 60 daga. Í undantekningartilvikum hefur tollstjóri rýmri frest, sbr. 5. mgr. 99. gr. laganna. Eins og málum háttar í því máli sem hér er til umfjöllunar telur ríkistollanefnd að tollstjóri sé bundinn af 60 daga tímafresti, sbr. 2. mgr. 99. gr. tollalaga. Þegar af þessari ástæðu ber að hafna endurákvörðun tollstjóra og fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Ríkistollanefnd fellst hins vegar á að tollstjóri hafi haft heimild til að fella úr gildi fyrri ákvörðun sína um niðurfellingu vörugjalds á tilteknum innflutningi efnivara B. Slík ákvörðun gildir frá því að hún er lögformlega tekin.

Telji kærandi sig allt að einu eiga að njóta niðurfellingar og/eða endurgreiðslu vörugjalds af tilteknum innflutningi efnivara með vísan til viðeigandi heimilda er það sjálfstætt athugunarefni, sem ekki er hér til úrlausnar en kærandi getur borið með réttum og rökstuddum hætti undir tollstjóra.

Með vísan til 1. og 2. mgr. 99. gr. og 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra, dags. 14. nóvember 2003, um endurákvörðun gjalda skuli felldur úr gildi. Afturköllun tollstjóra um heimild kæranda um niðurfellingu vörugjalds á tilteknum efnivörum skal standa frá því hún var lögformlega tekin.